

**Ed.**

**59. Tillaga**

til þingsályktunar um ábyrgð rikissjóðs fyrir viðskiptum við Rússland.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson, Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs greiðslu þeirra vixla, sem rússneska ríkisstjórnin hefir samþykkt fyrir andvirði þeirrar sildar, sem Sildareinkasala Íslands seldi til Rússlands á síðasta ári og sem nemur alls um 600 þús. íslenskum krónum.
2. Að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 75% — sjötíu og fimm af hundruði — af andvirði íslenskra vara, sem seldar verða rússnesku ríkisstjórninni á yfirstandandi ári, með allt að 12 mánaða gjaldfresti.

Ábyrgð ríkisstjórnarinnar skal framkvæmd þannig, að rikissjóður Íslands ábyrgist greiðslu á vixlum, sem rússneska ríkisstjórnin samþykkir til greiðslu.

Ábyrgð rikissjóðs skal aðeins veitt Sildareinkasölu Íslands, samvinnufélögum og fisksölusamlögum.

Ábyrgð rikissjóðs samkvæmt tillögu þessari má aldrei fara fram úr 5 milljónum króna á árinu 1931.

## Greinargerð.

Haustið 1927 gerðist sú nýjung í verzlun íslenzku þjóðarinnar, að bein viðskipti voru hafin milli Íslands og rússnesku ríkisstjórnarinnar, með sölu á 25 þús. tunnum saltsildar, sem rússneska ríkisstjórnin keypti af íslenzkum útgerðarmönnum. Þó sala þessara 25 þús. tn. sildar til Rússlands yrði til þess að bjarga um  $\frac{1}{2}$  milljón króna af því verðmæti, sem bundið lá í sild haustið 1927, frá því að verða að engu, hefir ekki orðið framhald á sölu sildar til Rússlands fyrr en á síðasta ári, að Sildareinkasala Íslands seldi rússnesku ríkisstjórninni 30 þús. tonnur saltsildar.

Meginástæðan fyrir því, að viðskiptum við Rússland hefir ekki verið haldið óslitið áfram frá árinu 1927, eru þeir miklu erfiðleikar, sem seljendum stafar af hinum langa gjaldfresti, sem veita þarf Rússum, ef sala á að takast til þeirra.

Þrátt fyrir þá erfiðleika, sem stafa af hinum langa gjaldfresti, hefir Sildareinkasala Íslands ráðizt í það, að selja rússnesku ríkisstjórninni 30 þús. tonnur saltsildar á síðasta ári, og nemur það fé, sem Einkasalan á fast í þessari sölu, um 600 þús. krónum.

Eins og kunnugt er, hafa þjóðir þær, sem viðskipti hafa við Rússland, yfirstigið örðugleikana af hinum langa gjaldfresti með því, að hlutadeigandi ríkisstjórnir hafa ábyrgzt viðskiptin við Rússland gegn því, að rússneska ríkisstjórnin samþykkti víxla fyrir þeim vörum, sem hún hefir keypt. Hefir t. d. norska ríkisstjórnin samkvæmt heimild stórþingsins ábyrgzt viðskipti Noregs við Rússland allt að 20 milljónum kr. á síðasta ári.

Óhætt er að fullyrða, að Sildareinkasala Íslands vænti þess fyllilega, er hún seldi umræddar 30 þús. tonnur sildar til Rússlands, að háttv. Alþingi mundi sýna sama skilning og þing annara þjóða, sem viðskipti hafa við Rússland, á því, að veita ábyrgð fyrir þeim viðskiptum. Í trausti þess er fyrri hluti þessarar tillögu fram kominn.

Eftir öllum horfum um verð á sildarolíu og sildarmjöli, má gera ráð fyrir því, að sildarverksmiðjur kaupi ekki sild til bræðslu nema með sáralágu verði næsta sumar. Er það sýnilegt, að með lægra verði á bræðslusild en síðastliðið sumar verður ókleift að gera út á sildveiðar, nema auðið verði að auka sildarsöltun mikið frá því, sem verið hefir undanfarin ár. En eins og kunnugt er, er eini möguleikinn til þess að auka sildarsöltun svo um muni sá, að hægt sé að taka upp viðskipti við Rússland í stærri stíl, og að takist að selja þangað allt að 200 þús. tonnur saltsildar á næsta sumri. En sá gjaldfrestur, sem Rússar heimta í slíkum viðskiptum, gerir það algerlega ókleift að notfæra sér hina miklu markaðsmöguleika, sem um er að ræða í Rússlandi fyrir íslenzka sild, nema upp sé tekin sama regla í viðskiptum við Rússa og aðrar þjóðir hafa, að það opinbera ábyrgist viðskiptin við Rússland.

Ef tækist á þessu ári að selja til Rússlands 200 þús. tonnur sildar, myndi hagurinn af þeirri sölu nema hátt á aðra milljón króna, miðað við það

verð á bræðslusild, sem gera má ráð fyrir að verði á næsta sumri, og kæmi þá rikissjóðurinn til með að hafa beinan hag af þeirri sölu, sem næmi í aðflutningsgjaldi á tunnum og salti og útflutningsgjaldi af sild á fjórða hundrað þúsund krónum.

Um síðustu mánaðamót lágu í landinu nálega 3-falt meiri birgðir af verkuðum fyrra árs saltfiski en á sama tíma í fyrra. Kaupsýslumenn eru mjög vonlitlir um, að þessar fiskbirgðir muni ganga út á þeim markaði, sem islenskur saltfiskur er seldur á. Má því vænta, að birgðir þessar muni reynast óseljanlegar að meira eða minna leyti, nema ef heppnaðisi að selja þær á rússneskum markaði. Er síðari hluti þessarar tillögu miðaður við það tvennt, að takast kunni að selja til Rússlands á þessum vetri og komandi sumri nokkuð af þeim fiskbirgðum, sem nú liggja í landinu litt seljanlegar eða óseljanlegar, og einnig heppnist að selja þangað allt að 200 þús. tunnur saltsíldar af þessa árs framleiðslu.

Til frekari áherzlu á því, sem hér hefir verið sagt, má benda á, að Alþingi hafa horizt áskoranir frá þingmálafundi á Ísafirði og Akureyri, bæjarstjórn Akureyrar og útflutningsnefnd Sildareinkasölu Íslands um, að það heimili ríkisstjórninni að abyrgjast viðskipti Sildareinkasöluinnar við Rússland.